

Upplýsingar um greiðsluskilmála og almenna skilmála.

Gilda frá 4.janúar 2011.

Upplýsingar sem hér eru birtar hafa verið settar saman af Reykjavíkumaraþoni. Upplýsingarnar eiga við um Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka, Miðnæturlaup Powerade á Jónsmessu og Laugavegshlaup.

I. ALMENNIR SKILMÁLAR

1. Þessir skilmálar gilda á milli þátttakanda og Reykjavíkumaraþons og felur skráning í hlaup á vegum Reykjavíkumaraþons í sér samþykki þátttakanda á að hlíta þeim.
2. Reykjavíkumaraþon ber ekki ábyrgð á heilsu þátttakanda í hlaupum á vegum þess, hvorki á meðan hlaupinu stendur né eftir það.
3. Reykjavíkumaraþoni er heimilt að endurskoða eða breyta skilmálum þessum vegna ófyrirsjáanlegra ástæðna, s.s. náttúruhamfara eða veðurs.
4. Þú samþykkir að veita Reykjavíkumaraþoni heimild til að nota upplýsingar sem þú sendir til vefsíðunnar, með þeim fyrirvara að skráning eða notkun upplýsinganna sé eðlilegur þáttur í starfsemi Reykjavíkumaraþons. Hér er átt við almennar póstsendingar, tölvupóst og upplýsingar á heimasíðu hlaupsins.
Persónuupplýsingar sem þátttakendur gefa upp verða meðhöndlaðar af fullum trúnaði og ekki miðlað til þriðja aðila fyrir utan netfangalista til opinbers ljósmyndara Reykjavíkumaraþonsins (ASI Photo).
Reykjavíkumaraþon sendir þátttakendum tölvupóst nokkrum sinnum fyrir viðburði með ýmsum mikilvægum tilkynningum eins og t.d. upplýsingum um hlaupið, breytingum á dagskrá, skráningarhátíð o.fl. Þeir sem ekki vilja fá sendan slíkan tölvupóst er gefinn kostur á að skrá sig af slíkum lista þegar fyrsti tölvupóstur berst.
5. Vörumerki, þjónustumerki og viðskiptaheiti sem birt eru á vefsíðu Reykjavíkumaraþons (marathon.is) njóta verndar á Íslandi og alþjóðlega. Hvers kyns notkun þeirra er óheimil nema að fenginni skriflegri heimild fyrirfram frá Reykjavíkumaraþoni.
6. Reykjavíkumaraþon ber ekki ábyrgð á efni neinna vefsíðna sem tengdar eru vefsíðu Reykjavíkumaraþons sem ekki er haldið úti af Reykjavíkumaraþoni.

II. GREIÐSLUSKILMÁLAR

7. Á skráningarsíðu Reykjavíkumaraþons er reiknivél sem birtir verð hlaupsins í íslenskum krónum eða evrum.
8. Heildarfjárhæð þátttökugjalds sem reiknivélin gefur upp er endanlegt verð. Engin virðisaukaskattur er lagður á þá fjárhæð.
9. Þátttökugjöld í Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka og Miðnæturlaup Powerade eru ekki endurgreidd. Þátttökugjöld í Laugavegshlaup er hægt að fá endurgreidd að hluta eins og fram kemur á heimasíðu hlaupsins: <http://www.marathon.is/laugavegur>.
10. Ef hlaupið fer ekki fram vegna ófyrirsjáanlegra atburða, svo sem náttúruhamfara, veðurs o.s.frv., mun þátttökugjald hlaupsins ekki verða endurgreitt.
11. Ekki er hægt að skrá sig í hlaup á heimasíðu Reykjavíkumaraþons nema að borga þátttökugjaldið.

Ef eitthvað í texta þykir óljóst eða orka tvímælist er vinsamlegast beðið um athugasemdir eða fyrirspurnir berist bréflaga til Reykjavíkumaraþons, Engjavegi 6, 104 Reykjavík eða með tölvupósti á netfangið marathon@marathon.is.